

**Snjöll lausn á brýnu þjóðfélagsvandamáli?:**

# LOSNA VIÐ GEÐSJÚKLING OG AÐSTANDANDA Á EINU BRETTI

Hinn sorglegi atburður sem átti sér stað í Ásufelli fyrir nokkrum dögum hefur orðið til að bæna kastljósinu að því ófremdarastandi sem hér á landi ríkir í málum geðsjúkra.

Ástvinir og aðstandendur slíks fólks hafa lengi átt um sárt að binda vegna þess hve afskiptir þessir sjúkl- ingar eru af þjóðfélaginu sem telur sér engan veginn skylt að bera ábyrgð á þeim. Sjúkrahúsrymi er ekki nægilegt og um staði til eftirmeðferðar, til dæmis vistheimili eða verndaða vinnustaði, er varla að ræða.

Í október síðastliðnum voru stofnuð ný samtök, Geðhjálp, til að reyna að bæta úr þessum málum. DB hefur rætt við tvær konur úr stjórn þessara nýstofnuðu samtaka, þær Andreu Þórðardóttur og Jóhönnu Þráinsdóttur, og töldu þær að miðað við þær aðstæður sem þessu fólki eru búnar, gegni furðu að slíkir atburðir séu ekki algengari.

Við báðum þær að rekja okkur nokkuð þá sögu sem gæti búið að baki slíkum atburði:

Fyrstu einkennin eru oft þau, að sjúklingurinn einangrar sig, vill ekki tala við neinn. Samfara þessu fær hann ofskynjanir og ranghugmyndir sem magnast smátt og smátt. Örvænting hans og vanlíðan fær útrás á hans nánustu og í hræðslu sinni ímyndar hann sér að þeir vilji honum ekkert nema illi. Hann verður ársargjarn og oft beinlínis hættulegur umhverfi sínu. Oft fylgist hann hatrí á þeim sem næst honum standa.

En stærstu vandræðin eru kannski þau, að sjúklingunum finnst þeir alls ekki vera veikir. Þess vegna er mjög erfitt að fá þá til að taka lyf eða sprautur sem lækna ráðleggia þeim og ennþá erfiðara að fá þá til að leggjast á sjúkrahús til meðferðar.

Og ekki er hægt að flytja þá nauðuga á slíka stofnun nema þeir séu áður sviptir sjálfræði af sakadómi.

## Þessa síðustu örvæntingarfullu daga

Það eru aðstandendur sem verða að eiga snarasta þáttinn í sjálfræðis- sviptingunni og verður það ekki til þess að draga úr því hatrí sem sjúklingurinn hefur beint gegn þeim í örvænting sinni. Og sjálfræðisvæðingin tekur marga daga.

Það þarf læknisvottorð en það má ekki vera frá þeim geðlækni sem stundað hefur sjúklinginn heldur þarf það að vera frá heimilislækningum, sem kannski hefur ekki séð sjúklinginn í fleiri ár, eða borgar- lækni sem heldur ekki þekkir hann mikið. Og sjúklingar af þessu tagi geta verið mjög slóttugir og tekst oft að villa um fyrir óunnugum í fyrstu, sérstaklega þegar þeir finna á sér að nú á að fara að koma þeim inn á stofnun.

Þessa síðustu örvæntingarfullu daga eru því aðstandendur í hættu og ótrást með fullum rétti líkamsmeiðing- ingar, jafnvel banatræði, af hendi hins sjúka. Og dag frá degi versnar ástandið.

## Hann trúir ekki að hann sé sjúkur

En þegar tilskilin læknisvottorð eru fengin fer málið fyrir sakadóm. Þar fellur dómur oftast fljótt og þegar pláss er fengið á sjúkrahúsi kemur lögreglan og sækir sjúklinginn.

Þar fær hann viðeigandi lyf og róast niður. En sakir plássleysis er hann venjulega sendur heim aftur fljótle- ga, með fyriræli um að halda áfram að taka lyfin og koma reglu- lega til viðtals á sjúkrahúsið. Dæmi



Vanlíðan hins sjúka er mikil og oft er hann í svo erfiðu ástandi að geðsjúkrahús veigra sér við að taka við honum og visa til lögreglunnar. Fólk hikar venjulega í lengstu lög við að taka þann kostinn. Þó má telja þeirri lausn það til gildis að lögreglan kallar borgarlækni strax eða fljótlega í fangelsið og hefur hann þá tök á að flyta fyrir vistun sjúklingsins á viðeigandi sjúkra- húsi. DB-mynd: Jim Smart.



Inga Huld Hákonardóttir

eru til þess að sjúklingurinn er ekki búinn að vera nema tvo daga inni á stofnuninni áður en hann er talinn fær um að fara heim aftur.

En fljótlega eftir að hann er kominn heim er hann venjulega búinn að sannfæra sjálfan sig um að hann sé heilbrigður og hafi alltaf verið það. Hann hættir að taka lyfin og fortölur aðstandanda í því efni bera engan árangur. Flestum öðrum mundi hann treysta betur en þeim.

Ofan á þetta leggst að hann er ekki hæfur til að vera á almennum vinnu- markaði. Fá hann vinnu gefst hann oft fljótlega upp. Hann kennir kannski lyfjunum um, hættir á þeim og sami viðhringurinn hefst á ný.

Og í hvert sinn sem þetta skedur brotnar sjúklingurinn ennþá meira andlega.

## Þá er hann dæmdur til fangelsisvistar

Of oft kemur að því að í æði fremur hann eitthvert óhappaverk. Þá er hann umsvifalaust sóttur af lögreglu því nú hefur hann breyst úr sjúklingi í sakamann. Hann er settur í fangaklefa. Og nú er fyrir- skipuð geðrannsókn og skiptir þá engu máli, þótt hann sé margoft rannsakadur af geðlæknum áður. Loks er hann sviptur sjálfræði, í þetta sinn að ósk yfirvalda, og dæmdur í fangelsi.

Á þessu stigi máls er hann allt í einu orðinn það hættulegur að geð- deildir neita að taka við honum og bera því við að þeir þurfi að vernda starfsfólk sitt. Aftur á móti þykir sjálfsgætt að aðstandandi sitji með ársargjarnan sjúkling heima hjá sér von úr viti.

Samkvæmt lögum eiga fangelsi að miða að því að betrubæta fangana. Deilt er um hversu vel þau séu til þess fallin, geðsjúka geta þau að minnsta kosti ekki læknað.

Jón Bjarman fangelsisprestur benti á það í blaðgrein nýlega (Mbl. 26. okt.) að nú eru um 40 ár síðan sett

voru lög um það, að þeir sem vinna óhæfuverk sökum þess að þeir eru andlega miður sín eða geðveikir eiga

að fara á viðeigandi hæli. Telur hann að dómshald ættu að afhenda heil- brigðisyrirvöldum þessa sjúklings strax og vottorð um ósak hæfni þeirra liggur fyrir eða að öðrum kosti að dæma þá í sem allra stysta refsingu með það í huga að þeir komist sem fyrst til læknismeðferðar að henni lokinni.

## Togstreita milli ráðuneyta

„Því miður hefur í mörg ár verið togstreita milli heilbrigðismálaráð- uneytisins annars vegar og dómsmá- ráðuneytisins hins vegar,“ segja Andrea og Jóhanna að lokum. „Heilbrigðisyrirvöldin bjóða að visu læknisþjónustu fyrir þessa fanga en kjósa að dómsmálaráðuneytið leggi fram annað starfsfólk og það verða í reynd engir aðrir en fangaverðirnir.“

Það er hröplegt,“ sögðu þær enn- fremur. „að ekki skuli hikað við að láta aðstandendur sitja uppi með sjúklinga, sem hvenær sem er geta unnið vöðaverk, meðan stór hluti af nýrri geðdeild Landspítalans er ónotaður vegna þess, að ekki hafi fjárveiting til að ráða starfsfólk.“

Það mætti halda, að heilbrigðis- yrirvöld teldu það ódýrari lausn að biða þangað til sjúklingurinn fremur vöðaverk, eins og þetta í Breiðshö- lnu, því þá losna þau bæði við að- standandann og sjúklinginn á einu bretti.“